



SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga
Landsþing 2022

Efnisyfirlit

Stjórn LH.....	3
Stjórnarfundir og starfsmenn	3
Nefndir LH.....	4
Samstarf við ÍSí.....	4
Fjöldi iðkenda innan LH.....	5
FEIF samstarf.....	5
Samstarf Norðurlandanna	6
Samstarf við aðildarfélögin	6
Félagi ársins.....	6
Reiðkennari ársins 2021.....	7
Menntaráðstefna FEIF.....	7
Polreið LH – Survive Iceland 2022.....	8
Reiðvegamála.....	9
Landsmót hestamanna ehf.	10
Skógarhólar	11
Sportfengur og Sportabler	12
Mótahald og keppnismál	12
Jöfnunarsjóður dómarakostnaðar	13
Landsmót.....	13
Íslandsmót.....	13
Uppskeruhátíð hestamanna	14
Útbreiðslu- og kynningarmál.....	14
Öryggis- og tryggingarmál	16
Afreksmál	17
Norðurlandamót 2022	19
Endurskoðun laga og reglna LH	19
Könnun um stuðning sveitarfélaga við hestamannafélög	19
Agamál	20
Öruggt umhverfi í íþróttum	20
Lokaorð	21

Stjórn LH

Aðalstjórn LH 2020-2022

Formaður: Guðni Halldórsson

Varaformaður: Stefán Logi Haraldsson

Gjaldkeri: Hákon Hákonarson

Ritari: Gréta V. Guðmundsdóttir

Meðstjórnendur:

Eggert Hjartarson (lét af störfum í janúar 2022)

Siguroddur Pétursson

Sóley Margeirsdóttir

Einar Gíslason frá jan 2022

Varastjórn LH 2020-2022

Einar Gíslason, í aðalstjórn frá jan 2022

Aníta Aradóttir

Ómar Ingi Ómarsson

Ingimar Baldvinsson

Lilja Björk Reynisdóttir

Þær breytingar urðu á skipan stjórnar á árinu að Einar Gíslason, 1. varamaður, tók sæti í aðalstjórn í lok janúar þegar Eggert Hjartarson sagði sig úr stjórn af persónulegum ástæðum.



Stjórnarfundir og starfsmenn

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 37 stjórnarfundir. Haldnar voru tvær vinnuhelgar stjórnar, sú fyrri helgina 16.-17. janúar 2021, og sú síðari helgina 15.-16. október 2021.

Starfsmenn LH eru þrír í samtals 260% starfshlutfalli. Þær breytingar urðu í júlí að Hjörny Snorradóttir lét formlega af störfum eftir veikindaleyfi og í ágúst var Hinrik Þór Sigurðsson ráðinn í 60% stöðugildi sem verkefnastjóri afreks- og mótamála. Aðrir starfsmenn eru sem fyrr Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri og Aníta Aradóttir verkefnastjóri.

Þjálfarar LH eru ráðnir sem verktakar. Sigurbjörn Bárðarson er A-landsliðsþjálfari, Hekla Katharína Kristinsdóttir er U21-landsliðsþjálfari, Sigvaldi Lárus Guðmundsson er yfirþjálfari hæfileikamótunar og Ísólfur Líndal Þórisson er aðstoðarlandsliðsþjálfari.

Nefndir LH

Fastanefndir LH eru 10 talsins, það eru aganefnd, keppnisnefnd, laganefnd, landsliðsnefnd, mannvirkjanefnd, menntanefnd, reiðveganefnd, tölvunefnd, æskulýðsnefnd og dómaranefnd. Skýrslur nefnda má finna á vef LH undir gögnum formannafundar


Að auki voru skipaðar þrjár nýjar nefndir í upphafi kjörtímabilsins: *Ferða- og öryggisnefnd* sem var falið að fjalla um öryggismál hestamanna, *Átakshópur um nýliðun og útbreiðslu* sem vann að átaksverkefni í kynningarmálum og *Mótanefnd* sem var falið að gera handbók fyrir mótshaldara sem til stóð að myndi liggja fyrir næsta keppnistímabil. Einnig er að störfum starfshópur um *Þolreið LH*, skipaður var starfshópur um *Íslandsmót í gæðingakeppni* sem skilaði tillögu um reglugerð um Íslandsmót í gæðingakeppni sem stjórn leggur fyrir þingið, og starfshópur um reglur um gæðingafimi hefur verið að störfum frá 2019. Einnig var að störfum átakshópur um eflingu gæðingakeppni sem gerði kynningarmyndband um gæðingakeppni.

Nefndadagar voru haldnir með öðru sniði en venjulega á þessu ári vegna samkomutakmarkana í upphafi árs. Stjórn fundaði með hverri fastanefnd fyrir sig á fjárfundum í febrúar þar sem farið var yfir verkefni í hverri nefnd.

Samstarf við ÍSÍ

Myndin sýnir hlutfelli (%) hops/hópa af heildarfjölda iðkanna innan ÍSÍ.

Fjöldi iðkanna í sérsamböndum árið 2020



LH er fjórða stærsta sérsamband innan ÍSÍ árið 2021, með um 12.000 iðkendum (stærri eru Knattspyrnusambandið, Gólfambandið og Fimleikasambandið).

Íþróttaping ÍSÍ er haldið á tveggja ára fresti og formannafundur ÍSÍ er haldinn hitt árið og er á dagskrá í lok nóvember 2022.

Skrifstofa LH er í húsnæði ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Eins og önnur sérsambönd þiggur LH ýmiskonar styrki og framlög í gegnum ÍSÍ:

- Lottótekjur
Íslensk getspá hefur skilað eigendum sínum, íþróttahreyfingunni, hækkandi tekjum undanfarin ár og var metár í tekjum árið 2021. Tekjur LH vegna lottósölu á þessu ári er um 1.200.000 kr. á mánuði að meðaltali.
- Útbreiðslustyrkur
Á hverju ári er greiddur útbreiðslustyrkur sem er um 17% hluti af lottógreiðslum til ÍSÍ frá Íslenski getspá sem skiptist milli sérsambanda og íþróttahéraða. Í

upphafi árs var áætlaður útbreiðslustyrkur til LH 2022 um 2.900.000 kr., en sú tala er endurskoðuð í lok árs.

c. Ríkisstyrkur til reksturs skrifstofu

ÍSí úthlutar sérsamböndum ríkisstyrk til reksturs skrifstofu. Á árinu 2022 er ríkisstyrkur LH 3.420.000 kr.

d. Afrekssjóður


Afrekssjóður úthlutar styrkjum í samræmi við kostnaðaráætlun hvers sérsambands fyrir afreksmál ársins. Áætlaður styrkur afrekssjóðs til LH fyrir árið 2022 er 8.400.000 kr. Sú fjárhæð verður tekin til endurskoðunar í lok árs með tilliti til verkefna ársins.

e. Fjárhagslegur styrkur v. Covid

Á vormánuðum tilkynntu stjórnvöld 500m.kr. fjárframlagt til íþróttahreyfingarinnar sem mótvægisáðgerð vegna tekjutaps af völdum Covid-19 á árunum 2020 og 2021. ÍSí var falið að auglýsa eftir umsóknum og leggja til skiptingu fjársins. LH sendi inn umsókn þar sem sótt var um styrk vegna tekjutaps vegna viðburða sem féllu niður. Úthlutun hefur enn ekki verið ákveðin og verið er að vinna úr umsóknunum.

Fjöldi iðkenda innan LH

LH er fjórða stærsta sérsamband innan ÍSí og hefur fjöldi iðkenda sveiflast milli 12.000 og 13.000 manns á síðustu 5 árum.



FEIF samstarf

Fulltrúaþing FEIF 2021 (Delegates Assembly) var haldið rafrænt í byrjun febrúar þar sem kosið var í stjórn og nefndir og greidd atkvæði um breytingartillögur við regluverk FEIF. Í lok apríl var seinni hluti þingsins haldinn í Osló (Annual Meetings) með formannafundi og nefndafundum. Nefndafundir voru svo haldnir í Hollandi í október og þá fundi sóttu okkar fulltrúar í nefndum FEIF.

Samstarf Norðurlandanna

Formenn Íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC (Nordic Icelandic Horse Collaboration). Formaður NIHC er Heidi Andersen frá Noregi og varaformaður Guðni Halldórsson frá Íslandi.

Formennirnir hittast reglulega á fjarfundum og hefur það samstarf og samtal verið með ágætum. Á Norðurlandamóti í Álandseyjum í sumar var einnig haldinn fundur NIHC þar sem m.a. var rætt um framtíð Norðurlandamóta. Boðað hefur verið til næsta fundar í Noregi fyrstu helgina í desember þar sem framhaldið verður umræðu um framtíð Norðurlandamóta og þær forsendur sem liggja að baki viðburðinum til framtíðar.

Samstarf við aðildarfélögin

Stjórn fór í fundarherferð um landið þar sem stjórnir aðildarfélaganna voru boðin á fund til að ræða málefni félaganna og LH. Fundað var á fimm stöðum, Selfossi, Reykjavík, Borgarnesi, Blönduósi og Akureyri. Voru þetta mjög góðir og gagnlegir fundir þar sem stjórn upplýsti félögin um þau verkefni sem eru í gangi hjá LH og stjórnir aðildarfélaga komu á framfæri þeim málefnum sem á þeim brennur.

Félagi ársins

LH-félagi ársins eru hvatningarverðlaun fyrir sjálfbóðaliða og félag hestamannafélaga sem vinna fórnfúst og óeigingjarnt starf í þágu hestamenskunnar.

Efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli fimm öflugra félagsmanna sem tilnefndir voru af sínum félögum. Valur Valsson Hestamannafélaginu Neista á Blönduósi, bar sigur úr bítum í netkosningunni og óskum við honum innilega til hamingju. Valur hefur lagt mikið og óeigingjarnt starf til Hestamannafélagsins Neista, hefur verið lengi í stjórn og nefndum og er því vel að því kominn að vera valinn LH-félagi ársins.



Reiðkennari ársins 2021

Sara Arnbro var valin reiðkennari ársins eftir netkosningu á vef LH.

Menntanefnd auglýsti eftir tilnefningum frá almenningi um reiðkennara sem hefur gert frábæra hluti sem reiðkennari/þjálfari með nemendum sína, sýnt fram á miklar framfarir hjá nemendum, gert frábæra hluti með börnum, fötluðum eða keppnisknöpum. Einnig gæti hann hafa gert framúrskarandi hluti á erfiðu ári vegna Covid, verið með vefkennslu eða aðra rafræna kennslu með börnum eða fötluðum.



Efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli þriggja tilnefninga og bar Sara Arnbro sigur úr bítum. Sara Arnbro rekur reiðskólann í Ysta Gerði í Eyjafjarðarsveit. Hún rekur reiðskóla fyrir börn á aldrinum 5-16 ára allt árið um kring og var með yfir 150 skráningar í reiðskólanum 2021. Í reiðskólanum eru einnig börn með ADHD, einhverfu og kvíða og hafa þessi námskeið verið mikilvægur þáttur í vellíðan barnanna á Covid tímum.

Menntaráðstefna FEIF

Alþjóðleg menntaráðstefna LH var haldin fimm þriðjudagskvöld í október og nóvember 2021. Ráðstefnan var skiplögð af menntanefnd LH og gildir til símenntunar fyrir þjálfara og reiðkennara FEIF.

Ráðstefnan var haldin í fjarfundi og sóttu hana um 290 manns úr öllum heimshornum. Fyrirlesarar voru með þeim fremstu í heiminum á sínu sviði, vísindamaður og reiðkennarar og endaði ráðstefnan með pallborðsumræðum þar sem Anton Páll Níelsson, Árni Björn Pálsson, Olil Amble, Rune Svendsen og Silke Feuchthofen skiptust á skoðunum. Markmið ráðstefnunnar var að geta tekið upplýsta afstöðu til reiðmennsku og líkamsbeitingar hestsins. Meðfram ráðstefnunni var lokaður facebook hópur þar sem þátttakendur gátu rætt málin og spurt fyrirlesarana spurninga.

Fyrirlesarar voru:

Dr. Hilary Clayton frá Bandaríkjunum, fjallaði um hreyfifræði og samband knapa, búnaðar og hests ofl.

Víkingur Gunnarsson, lektor við hestafræðideild Háskólans á Hólum og kynbótadómari, fjallaði m.a. um mat á líkamsbeitingu hests og gæði gangtegunda.

Dr. Andrew McLean frá Ástralíku, fjallaði m.a. um félagshegðun og andlega líðan hesta.


Anja Beran frá Þýskalandi fjallaði m.a. um greiningu á hreyfingu, jafnvægi og líkamsbeitingu hesta.

LH þakkar öllum sem stóðu að þessari metnaðarfullu ráðstefnu fyrir þeirra framlag.

Þolreið LH – Survive Iceland 2022

Fyrsta Þolreið LH fór fram í lok ágúst 2021. Keppnin var haldin sem eins konar þolreið til að sjá til að safna saman þekkingu og reynslu ásamt mynd- og kynningarefni með það fyrir augum að skoða möguleikann á að gera mótið að árlegum viðburði. Þolreið er keppnisgrein sem nýtur mikilla vinsælda um allan heim og ef vel tekst til má búast við að greinin geti vakið áhuga á íslenska hestinum hjá hestamönnum sem ekki hafa áður kynnst íslenska hestinum.

Þolreið LH 2022 var haldin í lok ágúst og hlaut nafnið Survive Iceland. Í þetta sinn voru sex lið sem tefldu fram keppendum; lið Eldhesta, Íslandshesta, Hermanns hestaferða, Líflands, Stálnausts og Tamagur/Hestalands. Knapar voru tveir Íslendingar, tvær konur frá Bandaríkjunum, ein frá Hollandi og ein frá Svíþjóð, allt þolreyndir hestamenn og þolreiðarknapar. Riðið var um Landsveit, Rangárvelli og Fjallabak.



Keppnin fer þannig fram að á einum degi eru riðnir tveir leggir sem eru 25-35 km. hvor. Hver leggur er farinn á einum hesti, og skipt um hest fyrir næsta legg. Keppnin stendur yfir í fjóra daga og heildarvegalengd keppinnar var um 250 km.



Hugað var vel að velferð keppnishestanna og dýralæknaskoðun gerð á hverjum hesti að loknum hverjum áfanga og komu hestar alla jafna vel út úr þeirri skoðun. Allir hestar voru með púlsmæla í reið og gátu knapar þannig fylgst með álagi á keppnishestunum hverju sinni og gaf það góða raun. Að lokinni keppni gerði sérgreinadýrlæknir hestasjúkdóma hjá MAST skoðun á álagseinkennum keppnishestanna og gerði nokkrar athugasemdir um álagseinkenni. Dýralæknir keppinnar hefur mótmælt niðurstöðum úr þeirri skoðun og telur hana ekki gefa rétta mynd af ástandi hestanna í lok keppinnar.

Margar hugmyndir eru í gangi um hvernig skuli þróa keppnisformið áfram og jafnvel til skoðunar að vera með styttri og léttari útgáfu af keppninni til að auka aðgengi hins almenna íslenska hestamanns að keppninni.

Reiðvegamáli

Samkomulag við Vegagerðina um gerð reiðstíga

Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga skrifuðu þann 6. apríl undir samkomulag um gerð og útfærslur reiðstíga með stofn- og tengivegum sem lagðir eru bundnu slitlagi. Samkomulagið felur í sér að Vegagerðin skuldbindur sig til að gera reiðfært meðfram vegi þegar lagt er bundið slitlag á malarveg sem nýst hefur sem reiðstígur og er sem slíkur í gildandi skipulagi sveitarfélags.

Samkomulagið kemur í stað samkomulags sem gert var fyrir hartnær 40 árum. Samhliða undirritun samkomulagsins gefur Vegagerðin og reiðveganefnd LH út endurgerðar leiðbeiningar um reiðstíga: Reiðstígar - gerð og uppbygging . Í leiðbeiningum kemur fram allt það er snýr að gerð reiðstíga og hvernig þeir skulu útfærðir miðað við aðstæður hverju sinni.





Reiðstígar – gerð og uppbygging



Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga
Júlí 2021

Leiðbeiningar

Við sama tækifæri var svokölluð reiðvegahandbók endurútgefin en Haraldur Sigursteinsson og Halldór Halldórsson unnu að endurskoðun hennar í samstarf við Vegagerðina.

LH hefur átt nokkra fundi með ráðherra samgöngumála, sem veitti aukafjárveitingu upp á 100 milljónir króna, sem komu til auka úthlutunar 2021 og 2022, 50 milljónir kr hvort ár.

Ráðherra mun á næstunni skipa starfshóp sem skal taka saman upplýsingar um stöðu reiðvegamála hér á landi og vinna kostnaðarmetna tillögu að áætlun í reiðvegamálum til framtíðar sem ætlað er að nýtist m.a. við mótun samgönguáætlunar.

Einnig er vert að minnast á sáttamála milli hestafólks og annarra vegfarenda sem var undirritaður í maí 2021 ásamt fræðslumynd sem var unnin í samstarfi við Samgöngustofu, um viðbrögð hesta við áreiti í umferðinni. Myndbandið fékk mikla dreifingu á samfélagsmiðlum á árinu.

Landsmót hestamanna ehf.

Landsmót hestamanna ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda. Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Stefáni Loga Haraldssyni sem er formaður og Hákon Hákonarsyni f.h. LH, Sveinn Steinarsson f.h. FHB, varamenn eru Guðni Halldórsson og Eysteinn Leifsson. Stjórn fundaði nokkrum sinnum á árinu með mótshöldurum Landsmóts 2022, Rangárbökkum, og var upplýst um stöðu framgang undirbúnings við Landsmót.

Ein af stærstu eignum LM ehf. eru myndböndin í WorldFeng. Hestamannafélögum býðst að kaupa aðgang að myndböndunum fyrir sína félagsmenn fyrir 350 kr. á ári fyrir hvern félagsmann 18-69 ára, en almennur aðgangur kostar annars 4.990 á ári fyrir hvern notanda.

24 hestamannafélög hafa keypt aðgang fyrir sína félagsmenn á árinu, ásamt Félagi hrossabænda.

Félög með myndbandaaðgang
Hestamannafélagið Adam
Hestamannafélagið Borgfirðingur
Hestamannafélagið Brimfaxi
Hestamannafélagið Dreyri
Hestamannafélagið Freyfaxi
Hestamannafélagið Funi
Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Glaður
Hestamannafélagið Grani
Hestamannafélagið Hörður
Hestamannafélagið Kópur
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Léttir
Hestamannafélagið Máni
Hestamannafélagið Neisti
Hestamannafélagið Sindri
Hestamannafélagið Skagfirðingur
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Snarfari
Hestamannafélagið Snæfellingur
Hestamannafélagið Söti
Hestamannafélagið Sörlí
Hestamannafélagið Trausti
Hestamannafélagið Bytur

Skógarhólar



Skógarhólar

Aðsókn að Skógarhólum var góð í sumar og voru hópar á staðnum um hverja helgi og talsverð nýting í miðri viku líka.

Rekstur Skógarhóla hefur verið færður yfir á eignarhaldsfélags í eigu LH, Skógarhóla ehf., og er bókhald félagsins aðskilið frá bókhaldi LH, rétt eins og bókhald LM ehf.

Allnokkrar vatnsskemmdir urðu á húsinu sl. vetur, skipta þurfti um lagnir og nýleg vatnsdæla gaf sig. Fyrir vikið varð minna um framkvæmdir þar í sumar en til stóð þar sem fjármagni var varið í viðgerðir. Til stendur að ganga frá þakkanti fyrir veturinn og að setja glugga og nýja hurð á salinn.

Sportfengur og Sportabler

Sportfengur

Alls voru haldin um 160 mót á Íslandi þar sem Sportfengur var notaður, með um 11.800 skráningum alls.

Samningur LH og RML við Svía og Norðmenn um notkun Sportfengs var gerður í lok árs 2020, Færeyingar bættust hópinn í byrjun árs 2021. Í býgerð er að endurnýja samning milli RML og LH um Sportfengs en erfiðlega hefur gengið að fá RML að borðinu til að ræða framtíð Sportfengs.

Nánar um Sportfeng má lesa í skýrslu tölvunefndar.

Sportabler – félagatal

Félagakerfið Felix hefur nú runnið sitt skeið. Á haustmánuðum gekk LH frá samning við fyrirtækið Sportabler um að halda utan um félagatal hestamannafélaga þannig að hvert og eitt félag fær aðgang að sportabler fyrir sitt félagatal ásamt aðgangi að skráningarkerfi til að halda utan um námskeiðhald félagsins.

Mótahald og keppnismál

Námskeið fyrir þuli á mótum

LH stóð fyrir námskeiði fyrir þuli sem stýra keppni á mótum í lok apríl. Kennari á námskeiðinu er Sigrún Sigurðardóttir en hún er ein af okkar reyndustu þulum. Boðið var upp á tveggja tíma fyrirlestur og svo verklega kennslu í reiðhöllinni þar sem nemendur fengu að stýra knöpum í reið.

Alls mættu 13 nemendur á námskeiðið víða að af landinu og var almenn ánægja með framtakið.

Umsóknir um mótadagsetningar

Til þess að tryggja samræmi í mótahaldi löglegra móta á Íslandi yfir vor- og sumartímabilið, auðvelda mönnun móta og koma í veg fyrir árekstra í mótahaldinu hefur stjórn LH ákveðið að taka að nýju upp það verklega að úthluta mótadagsetningum löglegra móta.

Auglýst var eftir umsóknum félaganna um mótadagsetningar fyrir árið 2023 sem skila þarf inn fyrir þann 1. desember 2022. Úthlutun mótadaga verður lokið fyrir 1. Janúar 2023.

Þetta verklag er tekið upp að nýju hjá sambandinu eftir skýrt ákall hestamannafélaganna í landinu á liðnu ári. Með því að félöginn sækir um mótin, og LH taki umsóknirnar til afgreiðslu er samræmi og yfirsýn yfir mótahaldið heilt yfir tryggt fyrir mótshaldara, knapa, mótastarfsfólk og þá sem að því koma.

Stefnt er að því að tilbúin mótaskrá sé gefin út snemma í janúar ár hvert.

Vetrarmót og önnur mót sem ekki teljast til löglegra móta eru undanskilin þessu verklagi, en skulu tilkynnt til sambandsins venju samkvæmt til þess að fara í mótaskrá ársins.

Jöfnunarsjóður dómarakostnaðar

Nokkur umræða hefur verið um þann ójöfnuð sem félög búa við varðandi kostnað við dómgæslu á mótum. Sum félög eru þannig staðsett að dómara þurfa að ferðast um langan veg til þeirra með tilheyrandi ferða- og gistikostnaði.

Í lok árs 2021 var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrk til jöfnunar á ferðakostnaði dómara vegna mótahalds á árinu 2021. Átta hestamannafélög sóttu um styrkt og fengu allt úthlutað um 630.000 kr.

Frestur til að sækja um styrk vegna ferðakostnaðar dómara fyrir árið 2022 er 20. nóvember. Umsóknum þarf að fylgja fjárhagslegt uppgjör hvers móts þar sem ferðakostnaður dómara er skilgreindur sérstaklega, ásamt afrit af reikningum og kvittunum fyrir greiðslum.

Eftir árið 2022 stendur til að leggja jöfnunarsjóðinn niður í núverandi mynd og nýtt verklag tekið upp við samræmingu kostnaðar vegna dómara á mótum á vegum LH og aðildarfélaganna. Verklagið miðar að því að skrifstofa LH takið að sér að miðla greiðslum mótshaldara til þeirra dómara sem sinna dómsstörfum á mótum þeirra, og er hugsað til þess að samræma verklag við greiðslur til dómara og ferðakostnað hjá öllum mótshöldurum og á að tryggja að öll aðildarfélög LH sitji við sama borð þegar kemur að mótahaldi.

Landsmót

Landsmót 2022 var haldið á Rangárbökkum í júlí. Mótið var hið glæsilegasta í alla staði og aðsókn gesta með ágætum. Alls er talið að mótið hafa sótt milli 8 og 9 þúsund manns alls.

Á mótinu var haldin íþróttakeppni samhliða gæðingakeppninni sem hefbundin er á landsmóti, og þótti það gefa góða raun. Fyrir þinginu nú liggja tillögur frá keppnisnefnd meðal annars um það að halda þeim hluta inni á landsmóti, og gera að Íslandsmóti á landsmótsári, þ.e að landsmót og Íslandsmót fullorðinna séu haldin saman á landsmótsárum.

Íslandsmót

Hestmannafélagið Geysir hélt Íslandsmót fullorðinna og ungmenna aðra helgi eftir landsmót eins og lög gera ráð fyrir.

Íslandsmót barna og unglinga 2022 var haldið af Hestamannafélaginu Borgfirðingi í Borgarnesi dagana 5. Til 7. ágúst

Frestur til að sækja um að halda Íslandsmót 2023 var til 30. september. Ein umsókn barst um að halda Íslandsmót barna og unglina, frá Hestamannafélaginu Geysi.

Um nokkurra ára skeið hafa ekki verið farandverðlaun á Íslandsmótum. Árið 2021 og var ákveðið að koma upp veglegum farandverðlaunum í öllum greinum á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna og var leikurinn endurtekinn fyrir Íslandsmót barna og unglunga í sumar. Hestamannafélögunum var boðið að kosta verðlaunagripina sem voru merktir hverjum gefanda fyrir sig. Félögin brugðust frábærlega vel við og færum við þeim bestu þakkir fyrir.



Eftirtaldir gáfu bikar fyrir Íslandsmót barna og unglunga

Sörli	Tölt unglunga
Sörli	Tölt barna
Hörður	Slaktaumatölt unglunga
Hörður	Slaktaumatölt barna
Hörður	Flugskeið unglunga
Sprettur	Fjörgangur unglunga
Sprettur	Fjörgangur barna
Hringur	Fimmgangur unglunga
Sleipnir	Gæðingaskreið unglunga
Snæfellingur	Samanlagður barna
Fákur	Samanlagður unglunga

Mörg glæsileg mót önnur voru haldin víða um land á árinu og of langt mál að telja þau öll upp og ljóst að breiddin er mikil, bæði þegar kemur að hestum og knöpum og gæðin alltaf að aukast. Það er þó umhugsunarefni og verkefni næstu ára að finna leiðir til að laða að fleiri áhorfendur að mótum. Framtíðarskipan mótamála, ekki sýst stórmóta, er viðfangsefni sem við forsvarsmenn hestamanna stöndum frammi fyrir og er það umræða sem þarf að taka með framtíðarhagsmuni hestamenskunnar í huga.


Uppskeruhátíð hestamanna

Uppskeruhátíð hestamanna var ekki haldin árið 2021. Knapaverðlaun fyrir árið 2021 voru veitt í stuttu hófi að loknum formannafundi 2021.

Útbreiðslu- og kynningarmál

Hundrað hestamenn/Gluggi í heim hestamenskunnar

Starfshópur um kynningar- og útbreiðslumál hleypti úr vör samfélagsmiðlaátaki með það að markmiði að opna heim almennrar hestamennsku á Íslandi og bæta ímynd hestamennskunnar, auka nýliðun og bæta aðgengi að fjölmiðlum. Átakið felst í að birta stutt viðtöl við almenna hestamenn og hampa þannig grasrótinni í aðildarfélögum LH. Þessu átaki er ætlað að styrkja rödd hestamanna almennt, opna heim hestamennskunnar og smíða upplýsingaleið inn í önnur útivistar- og íþróttafélög.



Tilgangur átaksins:

- svara áskorun landsþings 2020 um meiri athygli á almenna hestamennsku
- opna glugga fyrir landsmenn inn í heim hestamennsku
- sýna fjölbreytileika innan raða hestamanna og ástríðuna fyrir hestum
- hampa grasrót hestamanna og hestamannafélögum
- opna upplýsingaleiðir fyrir nýliða
- fjölga fylgendum LH á samfélagsmiðlum
- búa til „platform“ til að koma á framfæri upplýsingum um hestamennsku til annarra hópa en hestamanna s.s. hjóla- og göngufólks.

Hvíta húsið auglýsingastofa var fengin til að stjórna birtingum á samfélagsmiðlum og fóru fyrstu viðtölin í birtingu 13. apríl síðastliðinn. Þeir sáu einnig um birtingar á Öryggismyndbandi um hestaumferð á samfélagsmiðlum á sama tíma.

Áhersla var lögð á kostaðar birtingar í útivistarhópum, göngu- og hlaupahópum og hlaut átakið viðamikla dreifinu á samfélagsmiðlum.

Horses of Iceland

Samningur við ríkið um Horses of Iceland var endurnýjaður í lok mars og gildir samningurinn til ársins 2025. Að samningnum standa Matvælaráðuneytið, Íslandsstofa, LH, Deild hrossabænda í BÍ og FT. Hlutur LH skv. samningnum er kr. 3.000.000 á ári og ráðuneytið kemur með jafn háa upphæð á móti hverju framlagi. Gjald iðkenda hestamannafélaga er skv. samþykkt landsþings 2020 kr. 300 á hvern greiðandi félagsmann, eða rúmar 2 milljónir alls.

Samstarf við Horses of Iceland hefur verið gott og kom HOI m.a. að Polreið LH 2022 með því að útvega ljósmyndara og birta fréttir á sínum miðlum um reiðina.

Myndband um gæðingakeppni

Hópur um eflingu og útbreiðslu gæðingakeppni stóð fyrir gerð kynningarmyndbands um gæðingakeppni sem fékk nafnið „Af hverju gæðingakeppni“. Myndbandið fékk mikið áhorf og dreifingu á samfélagsmiðlum og hefur starfshópurinn í hyggju að gera fleiri slík myndbönd í framtíðinni.

Miðbæjarreið

Í tilefni af 100 ára afmæli Hestamannafélagsins Fáks stóðu Fákur og Landssamband hestamannafélaga (LH) fyrir reið um miðbæinn í lok apríl. Kom þar saman fríður flokkur hesta og manna en í fylkingarbrjósti riðu Dagur B. Eggertsson borgarstjóri á stóðhestinum Eldi frá Torfunesi, Hjörtur Bergstað formaður Fáks, Guðni Halldórsson formaður LH og Sigurbjörn Bárðarson landsliðsþjálfari.



Riðið var frá BSÍ, upp að Hallgrímskirkju þar sem gerð var stutt áning og nokkur lög tekin, ásamt því sem borgarstjóri og formaður LH ávörpuðu hópinn. Þaðan var riðið sem leið lá, niður Skólavörðustíginn, Bankastrætið, um Austurstræti og yfir Austurvöll og endað á því að láta spretta úr spori eftir Tjarnargötunni og í gegn um Hljómskálagarðinn. Reiðin um miðbæinn heppnaðist í alla staði vel og vakti lukku þátttakenda og annarra viðstaddra.

Öryggis- og tryggingamál

Myndband um umferð hestamanna og viðbrögð hestsins við ólíku áreiti sem gert var í samvinnu við Samgöngustofu á árinu 2021 var sett í dreifingu á samfélagsmiðlum á vormánuðum. Samgöngustofa sá um birtingar í sjónvarpi. Myndbandið var kynnt fomönnum aðildarfélaga FEIF og hefur þýska sambandið sóttst eftir að fá að texta myndbandið á þýsku og koma í dreifingu þar í landi.

Öryggisnefnd stóð fyrir hönnun umferðarskilta sem gefa til kynna að komið sé inn á íþróttasvæði hestamanna. Hestamannafélögum var boðið að vera með í framleiðslu á skiltunum og merkja með sínu logo og voru það sjö hestamannafélög sem nýttu sér það.



HESTAUMFERÐ sýnum tillitssemi



ÍÞRÓTTASVÆÐI HESTAMANNA

sýnum tillitssemi
förum varlega
sýnum aðgát í nærveru hesta



Stjórn hefur átt samtali við tryggingafélög um samstarf á sviði öryggismála hestamanna. Viðræður standa yfir við tryggingafélagið VÍS og eru vonir bundnar við að þær viðræður leiði til farsæls samstarfs.

Öryggis- og ferðanefnd LH útbjó eyðublað, sem staðsett er á vef LH, þar sem hægt er að skrá slys sem verða í hestamennsku. Skráningar á slysum hjálpa til að við að meta aðstæður og orsök slysa með það að markmiði að útrýma slysigildrum og minnka áhættuþætti í umhverfinu.

Hnappurinn fyrir slysskráninguna er staðsettur efst hægra megin á vefsíðu LH.

Öryggisnefnd LH mun vinna upplýsingar úr skráningunni með reglubundnum hætti.

Afreksmál

LH er í B-flokki alþjóðlegra sérsambanda hjá afrekssjóði ÍSÍ.

B-sambönd afrekssjóðs þurfa m.a. að hafa starfsmenn í afreksmálum á ársgrunni, vera með öflugan hæfileikamótun og einstaklinga innan sinna raða sem talið er að geti komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttgrein, hafa gildandi afreksstefnu til fjögurra ára og tveggja ára aðgerðaráætlun hið minnsta og við mat innan flokksins er sérstaklega horft til umfangs alþjóðlegrar þátttöku og afrekslista viðkomandi greinar.

Afreksstefna

Afreksstefna LH 2020-2024 var samþykkt á landsþingi 2020 og má finna á vef LH.

<https://www.lhhestar.is/static/files/afreksstefna-lh-2020-2024.pdf>

Vinna er nú hafin við uppfærslu á afreksstefnu LH til 8 ára og taka skref í áttina að því að færa LH upp í flokk A-sambanda hjá afrekssjóði ÍSÍ

Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Hæfileikamótun 2022 fyrir 14 til 17 ára unglunga hófst í nóvember 2021. Auglýst var eftir þátttakendum í öllum landshlutum, 46 unglingar sóttu um og voru 29 unglingar valdir inn í Hæfileikamótun og var þeim skipt upp í 2 hópa. Þátttakendur komu víð að af landinu, allt frá Hornafirði norður á Akureyri.

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að fylgjast betur með efnilegum ungum krökkum og hestakosti þeirra um allt land og um leið þróa og auka samfellu milli afrekshópa LH.

Síðast liðinn vetur var viðburðarríkur og hófst árið með heimsókn til Háskólans á Hólum þar sem gist var í tvær nætur. Á Hólum fengu þau aðgang að aðstöðu, kennurum og hestum skólans. Þar var farið í marga af grunnþáttum reiðmennskunnar m.a. ásetu og stjórnun, fimiaefingar, ásetuæfingar og þjálfun á gangtegundum.

Ásamt þessu voru fengu allir tvær kennsluhelgar eftir áramót þar sem hópnum var skipt í tvennt og kennt í einkatímum. Fengu þau aðstoð við þjálfun á sínum keppnishestum þar sem lögð var áhersla á hestvænar aðferðir ásamt því að auka skilning fyrir hestinum. Síðan var einn dagur um vorið kennt úti á hringvelli þar sem var aðstoðað við þjálfun á velli ásamt því að stilla upp fyrir keppni.

Einnig var boðið var upp á fyrirlestur næringafræðings og íþróttasálfræðings.

Landsliðshópar LH



U21 andsliðshópur fyrir árið 2022 var kynntur í byrjun desember 2021 og A-landsliðshópur var kynntur í janúar 2022. Nánar um starfsemi landsliðshópanna má lesa í skýrslu landsliðsnefndar.

Stefnumótun í afreksmálum

Í lok árs 2021 hóf landsliðsnefnd stefnumótunarvinnu. Störf landsliðsþjálfara voru krufin, gerðar nýjar starfslýsingar og í kjölfarið endurnýjaðir samningar við landsliðsþjálfara. Einnig voru gerðir endurbættir samningar við knapa og siðareglur landsliðsnefndar samþykktar, og drög að handbók landsliðsnefndar liggja fyrir. Allt er þetta til bóta og gerir afreksstarfið markvissara og árangursríkara.

Norðurlandamót 2022

Finnland hélt Norðurlandamótið 2022 í Álandseyjum dagana 9. til 14. ágúst. Svæðið var byggt upp árið 2020 fyrir keppni á íslenskum hestum. Hvað þátttöku íslenska landsliðsins varðar eru Norðurlandamótin iðulega töluvert frábrugðin heimsmeistaramótunum, og þátttaka liðsins byggir að stærstum hluta á knöpum sem taka þátt á lánshestum frá Norðurlöndunum. Að þessu sinni var aðeins einn knapi sem flutti með sér hest frá Íslandi til þátttöku á mótinu. Landsliðsþjálfarar Íslands og landsliðsnefnd tóku snemma árs ákvörðun um að áhersla yrði lögð á unglinga- og ungmennaflokkana á mótinu þetta árið, og Ísland sendi nokkuð stórt lið til þátttöku í yngri flokkum mótsins, en á móti fámenn en reynslumikið lið fullorðinna knapa.

Mótið tókst vel, en vallaraðstæður þóttu þó ögn erfiðar á aðalvelli mótsins, og höfðu mótshaldarar í nógu að snúast við að halda vellinum í nothæfu ástandi á meðan á keppni stóð.

Heilt yfir má segja að árangur íslenska liðsins á mótinu hafi verið nokkuð góður og allir knapar í unglinga- og ungmennaliði Íslands náðu að komast í úrslit eða verðlaunasæti í einhverjum greinum. Knapar liðsins sýndu mikla fagmennsku og yfirvegum við að kynast og keppa á nýjum hrossum eftir stutta viðkynningu og náðu í ljósi þessa mjög góðum árangri á mótinu.

Landslið Íslands á mótinu, þjálfarar og landsliðsnefnd geta vel við unað í mótslok og ljóst að það verður heilmargt um að hugsa þegar horft er fram á næsta stóra verkefni íslenska landsliðsins í hestaíþróttum sem er þátttaka á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Hollandi næsta sumar.

Endurskoðun laga og reglna LH

Á landsþingi 2018 var ákveðið að fara í vinnu við að endurskoða lög og reglur LH. Laganefnd var falið að vinna að heildarendurskoðun laganna og samræmingu á þeim við núgildandi reglur FEIF. Afrakstur þeirrar vinnu liggur fyrir landsþingi til samþykktar. Ásamt laganefnd, með Ólaf Haraldsson formann í broddi fylkingar, hafa aðrar nefndir einnig komið að því að gefa álit á einstökum köflum, til dæmis keppnisnefnd fjallaði um keppnisreglur og aganefnd um agakaflann.

Könnun um stuðning sveitarfélaga við hestamannafélög

Sumarið 2021 var send spurningakönnun til hestamannafélaga um stuðning sveitarfélaga við hestamannafélögin. Tilgangurinn með þessari upplýsingaöflun er að kanna hvernig staðan er hjá hverju hestamannafélagi gagnvart sínu sveitarfélagi. Í kjölfarið geta hestamannafélögin borið sig saman við hvert annað og nýtt upplýsingarnar sem verkfæri til að leita stuðnings hjá sínu sveitarfélagi.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á formannafundi og ítarlegri úrvinnsla var send á aðildarfélögin í desember 2021.



Agamál

Nokkur mál komu inn á borð Aganefndar LH á árinu og felldi úrskurði um keppnisbann og gaf áminningar. Nánar um agamál má lesa í skýrslu aganefndar.

Öruggt umhverfi í íþróttum

Landssamband hestamannafélaga leggur ríka áherslu á að allir iðkendur hestamennsku á Íslandi geti stundað íþrótt sína í öruggu umhverfi. Öruggt umhverfi hestamenskunnar nær til allra þátta félagsstarfsins, æfingar, mótahald og hvern þann vettvang sem félagsstarfið nær yfir.

Á 75. Íþróttáþingi ÍSÍ var samþykkt tillaga um að framkvæmdastjórn ÍSÍ verði falið að setja reglur og/eða viðmið, eftir atvikum reglugerð, um verkferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma alvarleg afbrot innan íþróttahreyfingarinnar.

Í kjölfarið ÍSÍ skipaði starfshóp sem vonir voru bundnar við að myndi skila haldbærum verkfærum fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni til að vinna eftir. Hópurinn skilaði skýrslu í maí og er skemmst frá því að segja að hún olli miklum vonbrigðum.

Niðurstaða starfshópsins var að hvetja sérsambönd til að skerpa á siðareglum og setja sérstök ákvæði í samninga til að öðlast verkfæri til að beita þegar upp koma alvarleg brot og þannig gefst þeim færi á að grípa strax til viðeigandi aðgerða án þess að það stangist á við almenn hegningarlög. Þannig var málið í raun sett aftur í hendur á sérsamböndunum og samskiptaráðgjafa ÍSÍ.

Í kjölfarið tóku nokkur sérsambönd sig saman og funduðu um leiðir til að komast að sameiginlegum niðurstöðum um verkferla og viðbrögð. Sú vinna hefur þróast út í að LH hefur átt samtalið við Fimleikasambandið og Sundsambandið um að stofna sameiginlegt trúnaðarráð þessara þriggja sérsambanda.

Sameiginlegt trúnaðarráð tekur við máli, setur upp aðgerðir (geta verið tilkynnt til yfirvalda, ÍSÍ dómstól eða sáttarmeðferð eða annað sem við á) og svo er fengin niðurstaða. Skýrsla er skrifuð um hvert mál og svo er gögnum þess eytt.

Málum væri komið þannig fyrir að stjórnirnar eigi ekki að þurfa að taka ákvarðanir í þessum málum, heldur að verkferlarnir, aðgerðarrámminn sem slíkur standi fyrir þeim, en það sem stjórnirnar þurfi að gera er auðvitað að samþykkja þá verkferla sem settir eru upp fyrirfram, að öðru leyti eiga ferlarnir að standa sjálfstætt.

Þetta tryggir samfellu í meðferð þessara mála þó stjórnir breytist, og verði mannabreytingar, og útilokar það að þurfa að taka ákvarðanir eftir persónulegum skoðunum.

Einnig hefur verið sett upp vefsvæði á vef LH sem ber heitið „öruggt umhverfi í hestaþróttum“ og þar má finna upplýsingar fyrir aðildarfélög og iðkendur um hvernig skuli bregðast við ef upp koma alvarleg brot innan hreyfingarinnar.

Lokaorð

Starfssemi LH hefur gengið vel á árinu og hefur hestamennskan blómstrað hjá aðildarfélögum sambandsins.

Starfssemi skrifstofu hefur gengið vel og ber það að þakka okkar frábæra starfsfólki. Þá hefur starf flestra nefnda gengið vel og skilað góðum árangri enda mikið mannval í nefndum sambandsins.

Fjárhagur LH er sterkur og staða þess góð. Við stöndum þó frammi fyrir mörgum áskorunum og á mörgum sviðum má enn slá í klárinn, hestamenskunni til heilla. Verkefnalistinn er langur og krefjandi en samstillt stjórn, öflugir starfsmenn og fulltrúar í nefndum ásamt forvígismönnum hestamannafélaganna í landinu geta áorkað miklu og saman getum við eflt hestamenskuna í landinu til mun.

Stjórn LH þakkar ánægjulegt og gefandi samstarf og horfir björtum augum til framtíðar.

Fyrir hönd stjórnar LH
Guðni Halldórsson formaður